

## Námsáætlun fyrir íslensku - 9. bekkur skólaárið 2019-2020



**Kennarar:** Sigurður Ingimundarson og Unnur Guðmundsdóttir

**Tímafjöldi:** 6 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
<p><b>Talað mál, hlustun og áhorf</b></p>	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• flutt mál sitt skýrt og áheyrliga og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas,</li> <li>• gert sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagað það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt,</li> <li>• tekið virkan þátt í samvinnu, samræðum og rökræðum, tjáð skoðanir sínar og rökstutt þær,</li> <li>• hlustað, tekið eftir og nýtt sér upplýsingar úr ýmsum miðlum sér til fróðleiks og skemmtunar,</li> </ul>	<p>Nemendum er gefið tækifæri á að segja frá eigin reynslu og hugmyndum, taka þátt í umræðum um bókmenntir og kynna verkefni sín. Unnið með mismunandi tegundir talað máls með hliðsjón af námsefni í Neistum. Nemendur fá þjálfun í hlustun og einnig er horft á kvikmyndir tengdar bókmenntum sem lesnar verða. Nemendur halda fyrirlestur á haust- og vorönn um ákveðin efni.</p>	<p>Stutt ræða. Þátttaka í umræðum og tímavinnu. Fyrirlestrar og kynningar. Hlustunarverkefni.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• nýtt sér fjölmiðla og rafrænt efni og tekið afstöðu til þess sem þar er birt,</li> <li>• átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.</li> </ul>		
<b>Lestur og bókmenntir</b>	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað, skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftl eigið læsi,</li> <li>• greint og skilið aðal- og aukaatriði í margs konar texta og tengsl efnisatriða; og beitt mismunandi aðferðum við lestur,</li> <li>• lesið, túlkað, metið og fjallað um bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta,</li> <li>• beitt og skilið nokkur grunnhugtök í bókmenntafræði,</li> <li>• notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið.</li> </ul>	<p>Lesin verður skáldsagan Mýrin ásamt öðrum skáldsögum að eigin vali, Laxdæla saga, ljóð af ýmsum toga, smásögur, þjóðsögur, fræðitextar o.fl.</p> <p>Unnið með bókmenntahugtök og stílbrögð, áhersla lögð á bragfræði, myndmál og tákni í bókmenntum. Lesskilningur efldur með markvissum æfingum, m.a. með efni af skolavefurinn.is.</p>	<p>Próf úr Laxdælu Verkefni úr Mýrinni Heimapróf úr bókmenntum og ljóðum Lestrardagbók Lesfímipróf í september, janúar og maí. 8 lesskilningsverkefni</p>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• leitað og aflað sér heimilda úr ýmsum gagnabrunnum og tekið gagnrýna afstöðu,</li> <li>• unnið úr ólíkum upplýsingum og túlkað þær.</li> </ul>		
<b>Ritun</b>	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• skrifað skýrt og greinilega, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær,</li> <li>• beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar,</li> <li>• tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli,</li> <li>• beitt reglum um rétttritun</li> <li>• valið og skrifað mismunandi textagerðir, notað helstu aðgerðir við ritvinnslu, valið viðeigandi heimildir, vísað til þeirra og sett í heimildaskrá svo sem reglur kveða á um.</li> </ul>	<p>Stafsetningarreglur rifjaðar reglulega upp og unnið með þær.</p> <p>Ritunaræfingar af ýmsum toga, oft tengdar bókmenntaverkefnum eða öðru tilfallandi.</p> <p>Unnið með ritvinnslu í tölvum, heimildaskráningu, rökfærslu og mismunandi ritstíla.</p>	<p>Rökfærsluritun á haustönn, ritunarverkefni að vori.</p> <p>Stafsetningarpróf á haust- og vorönn.</p>
<b>Málfræði</b>	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt helstu málfræðihugtökum,</li> </ul>	<p>Á haustönn er áhersla lögð á óbeygjanleg orð og einkenni og hlutverk orðflokka almennt.</p> <p>Unnið með orðtök og málshætti.</p>	<p>Málfræðipróf úr óbeygjanlegum orðum að hausti og könnun úr Finni II að vori.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• valið orð í tali og ritun í samræmi við málsnið, gert sér grein fyrir mikilvægi þess að rækta orðaforðann og nýtt reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun,</li> <li>• flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabókum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna,</li> <li>• áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka,</li> <li>• notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt,</li> <li>• gert sér grein fyrir mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni.</li> <li>• Átti sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekki til helstu framburðarmállýskna,</li> <li>• áttað sig á skyldleika íslensku við önnur tungumál</li> </ul>	<p>Á vorönn er almenn upprifjun á grunnatriðum málfræðinnar með áherslu á orðflokka og setningahluta.</p>	
--	---	---	--

	og sífelldan breytileika þeirra.		
<b>Námsgögn:</b> Málið í mark, óbeygjanleg orð, Finnur II, Laxdæla, Mýrin, Neistar, Með fjaðrabliki, Ljóðspeglar, Málfinnur, Skrifinnur, kjörbækur, lestextar af skolavefurinn.is, samræmd próf, orðabækur og handbækur.			
<b>Lokanámsmat:</b> Einkunnir gefnar með A, B+, B, C+, C eða D.			